

Viðgerðir á sprungum í gólfum

PMMA 326 sprunguþéttiefni úr PMMA

Opnið sprungur með slípirokk og demantsskífu gjarnan svokallað crack chaser blað.

Ef sprungur eru slæmar og hafa verið að opnast aftur og aftur er mælt með að saga 20 cm þverraufar með 20 cm millibili og líma 15 x 25 mm carbon fiber renning í raufarnar með structural epoxy lími.

Arcan Rokryl 326 er hraðvirkt og teygjanlegt PMMA resin sem nær góðri viðloðun og tryggri festu við steypuna.

Leiðbeiningar um blöndun

Blöndun er Base A Rokryl 326 + Catalyst herðir (duft)

Blandið 20 – 40 g af catalyst /dufti saman við 1 kg Base A eftir hitastigi

20 g miðað við hitastig 15-30°C

30 g miðað við 5°C – 15°C

40 g miðað við -5 – 5°C

Hrærið vel saman með hræripinna eða borvél

Vinnslutími eftir blöndun er 10-20 mín

Hellið efninu í sprungur og látið síga ofan í. Farið aðra umferð ef sprungurnar drekka í sig , þangað til þær taka ekki við lengur.

Ef sprungur eru stórar má blanda fínni viðgerðarblöndu eða þurrkuðum kvartssandi saman við sem fyllingarefni.

